

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps
vegna verslunar og þjónustu á Loftsstöðum vestri.

Skipulagsstofnun staðfesti 17. mars 2022 breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. janúar 2022.

Í breytingunni felst skilgreining á 2 ha verslunar- og þjónustusvæði V23 í landi Loftsstaða vestri og minnkar landbúnaðarsvæði sem því nemur. Heimilt verður að byggja upp ferðaþjónustu með gistingu fyrir allt að 85 manns í heilsárstjöldum/gestahúsum ásamt þjónustuhúsi.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 17. mars 2022.

F.h. forstjóra,

Ólafur Árnason.

—————

B-deild – Útgáfudagur: 31. mars 2022